

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 427/1990.

**Matthías Einarsson,
Ingibjörg Matthíasdóttir og
Ragnhildur Matthíasdóttir**

gegn

**Arnmundi Backman hrl.,
Matthíasi Matthíassyni,
Brynjólfi Kjartanssyni hrl.,
Eimskipafélagi Íslands hf.,
Gísla Baldri Garðarssyni hrl. f.h.
Sparkassen SDS,
Helga Aðalsteinsyni,
Jónasi Björnssyni,
Ragnari Hall skiptaráðanda f.h.
Þb. verslunarinnar Víðis sf.,
Póst- og símamálastofnun,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Flugleiðum hf.,
Agnari Gústafssyni hrl. f.h.
A.G. Broone Camp. Inc.,
Íslandsbanka hf.,
Gjaldheimtunni í Garðabæ,
Landsbanka Íslands hf.,
Kaupfélagi Berufjarðar,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
bæjarstjóranum í Keflavík f.h.
bæjarsjóðs Keflavíkur,
Þorbirni Einarssyni,
Péttri Péturssyni,
Helgu Rósantsson,
Markaðssjóðnum hf.,
Prentsmiðjunni Odda hf.,
Skuldaskilum hf.,
tollstjóranum í Reykjavík,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga og
Útilífi hf.**

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1990. Áfrýjað er þriðja og síðasta nauðungaruppboði á hluta í Laufásvegi 17, Reykjavík, sem fram fór 6. júlí 1990. Í áfrýjunarstefnu kveða áfrýjendur málinu hafa verið áfrýjað með stefnu 3. ágúst 1990 sem máli nr. 299/1990, en það mál var ekki þingfest.

Er mál þetta var þingfest 7. janúar 1991, fóru áfrýjendur fram á frest til 3. maí 1991 til gagnaöflunar og ágrípsgerðar.

Af hálfu stefndu Þorbjörns Einarssonar og bæjarsjóðs Keflavíkur var þess krafist, að áfrýjendum yrði synjað um langan frest til ágrípsgerðar.

Af hálfu annarra stefndu var umbeðinn frestur samþykktur.

Rétt er með hliðsjón af ákvæði 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands að veita áfrýjendum frest til 3. maí 1991 til gagnaöflunar og ágrípsgerðar. Málskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til 3. maí 1991.